

## Dómsmálaráðherrann og lækniliðin.

EKKI skal því leynt, að mér virðist fjarstæða þegar því er haldið fram, að leita þurfi til sérfræðings eða sérfræðinganefnadar um það, hvort maður eins og dómsmálaráðherrann sé með öllu viti. Því þó að ekki væri eftir öðru að fara en ritgerðum hans, þá nægja þær fullkomlega til að sýna, að vit höfundarins er í ágætu lagi. Ég hefi veitt ritgerðum J. J. mikla eftirtékt, einkum eftir að ég hafði séð hina tiltakanlega vel rituðu grein hans um frænda minn og vin, Gest á Hæli, láttinn; hefi ég, eins og við var að búast, aldrei í greinum þessum rekið mig á neitt, sem virtist bera vott um bilað vit; og ekki heldur í greinni um heimsókn dr. med. Helga Tómassonar. Ég er að visu samdóma þeim, sem telja ástæðu til að hafa mikið álit á dr. Helga Tómassyni sem lækni; en að þessu sinni tek ég samt ekki mark á sjúkdómsákvörðun hans. Ástæðan er m. a. sú, að sá hluti læknisfræðinnar, sem byggir á sálufræði, er svo miklu skemra kominn en þau læknisvisindin, sem á lífksamfræðinni byggja; sálufræðingarnir hafa fengið geðveikralæknunum svo ófullkomna undirstöðu til að byggja á. —

Því er stundum haldið fram, að menn geti undireins haft ágætt vit og verið þó geðveikir. Slikt tel ég þvaður. Ég get i þessum efnunum talað af nokkurri reynslu. Fyrir mörgum árum (1910) fékk ég óráð eftir langvinnar vökur. Óráð þetta var mjög alvarlegt, en ég gleymdi mér þó aldrei alveg, og man gjörla hvað fyrir mig kom. Ég man t. d. að ég gerði ítrekaðar tilraunir til að skrifa bréf, en tökst ekki að koma því saman. Vit mitt var svo bilað meðan á þessu stóð, að ég var ekki sendibréfsfær. Var þetta þó notað til að reyna að telja fólkitrú um að ég hefði verið geðveikur bæði áður og síðan. En þegar slikt getur komið fyrir afskektan og óáleitinn visindamann, sem ekkert hefir „fyrir sér gert“ annað en það að finna sitthvað merkilegra en fundist hafði áður á þeim svæðum (og vera, auk þess, vantrúaður), þá má nærrí geta, hversu afarsterk freistaing muni vera til að beita þessu háskalega bragði gagnvart stjórn-málamanni, sem jafnfast hefir sótt fram og dómsmálaráðherrann, og jafn óvæginn verið við mikilsmegandi móttostöðumenn og hann.

14. 3.

*Helgi Þétursse.*